

AUGLÝSING

um

sérstaka friðun rjúpna.**82**
29. ágúst

Með því að rjúpum hefir ekki fjölgað til muna í landinu enn sem komið er, verður ekki komist hjá því að friða rjúpuna alveg þetta ár.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 27 frá 1924, skipar ráðuneytið því svo fyrir, að rjúpur, sem annars eru að lögum friðaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október, skuli á þessu ári einnig vera friðaðar á tímabilinu frá 15. október til ársloka.

Þetta er hérmeð birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. ágúst 1931.

Jónas Jónsson.

Gissur Bergsteinsson.